



Alþingi
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,
ritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 139/1913
komudagur 4.4.2011

Reykjavík, 4. apríl 2011


Efni. Frumvarp til laga um um breyt. á vatnalögum, þskj. 949. - 561. mál.
Tilv. 2011030039

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. mars 2010.

Með vatnalögum nr. 20/2006 var ýmislegt skýrt og skilgreint betur að því er varðar vatnsréttindi, réttarstaða landeigenda var skýrð með hliðsjón af réttarþróun frá gildistöku vatnalaganna frá 1923. Gildistöku þessara laga frá árinu 2006 var ítrekað frestað og nú er ætlunin að afnema þau. Árið 2009 var skipuð svokölluð vatnalaganefnd sem skilaði af sér frumvarpsdrögum sem Bændasamtök Íslands gerðu verulegar athugasemdir við, sbr. bréf Eiríks Blöndal, dags. 29. október 2009, sem hjálagt var umsögn Bændasamtakanna um 577. mál á 138. löggjafarþingi. Það hefur verið krafa Bændasamtakanna frá upphafi að löggin frá 2006 verði látin taka gildi en nú er ætlunin að staðfæra vatnalögin frá 1923 að nútímanum, gera á þeim nauðsynlegar úrbætur og afnema löggin frá 2006. Þykir þetta farsælasta leiðin til þess að skapa sátt um málaflokkinn þar til ný heildstæð vatnalöggjöf verður sett.

Bændasamtökin leggjast ekki gegn samþykkt frumvarpsins í núverandi mynd en vísa að öðru leyti í umsögn sína um 577. mál á 138. löggjafarþingi, dags. 19. maí 2010, og fylgiskjal.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands


Elías Blöndal Guðjónsson